

## REGLUGERÐ

### um verndun hrygningar steinbíts á Látragrundi.

#### 1. gr.

Frá og með 1. október 2004 til og með 31. janúar 2005 eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrundi, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65° 03'00 N - 26° 10'00 V
2. 65° 17'00 N - 26° 10'00 V
3. 65° 17'00 N - 25° 50'00 V
4. 65° 11'00 N - 25° 42'00 V
5. 65° 03'00 N - 25° 50'00 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. september 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eypórsson.*